

8. gr.

81

Nú þykist einhver hinna holdsveiku verða fyrir röngu af hendi annars sjúklings eða einhvers af þjónustufólki spítalans. Er honum þá frjálst að leggja mál sitt undir úrskurð læknisins eða yfirstjórnar spítalans.

9. gr.

Nú verður einhver hinna holdsveiku sekur um óhlýðni, illyrði eða aðra óknytti, getur þá læknirinn dregið af mat hans og bannað honum að fara út fyrir dyr um stundarsakir.

10. gr.

Hver sá holdsveikur maður, sem tekinn hefir verið í spítalann, má ekki þaðan fara án leyfis yfirstjórnarinnar.

Reykjavík, 10. septbr. 1898

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Heimilisbóðorð

handa holdsveikraspítalanum í Laugarnesi

1. gr.

82

Hinir holdsveiku skulu vera komnir á fætur og hafa þvegið sjer í síðasta lagi kl. 7 á sumrum og kl. 8 á vetrum. Læknirinn kveður jafnan á um, hverjir lasleika vegna megi vera undan þegnir þessari skipun.

2. gr.

Hinir holdsveiku skulu jafnan mæta í borðstofunum á hinum tilteknu matmálistímum og án þess að vekja hávaða; læknirinn kveður á um, hverjir skuli vera undanþegnir því, að sækja máltíðir sínar þangað. Án leyfis ráðsmannsins má enginn hafa mat með sér út úr borðstofunum, né heldur geyma af mat sínum til næstu máltíðar.

Hinir holdsveiku mega ekki hafa matabýtti innbyrðis eða við aðra útifrá.

3. gr.

Þessir eru matmálistímar:

Morgunverður:	á sumrum	kl. 7 ¹ / ₂ árdegis
	á vetrum	kl. 8 ¹ / ₂ árdegis
Miðdegisverður	kl. 12 ¹ / ₂ síðdegis
Kveldverður:	á sumrum	kl. 7 ¹ / ₂ síðdegis
	á vetrum	kl. 7 síðdegis

82

4. gr.

Allir hinir holdsveiku skulu vera háttaðir á sumrum kl. 9 og á vetrum kl. 8^{1/2} síðdegis. Ráðsmaður getur veitt einstöku undanþágu frá þessari skipun.

5. gr.

Hinir holdsveiku mega ekki reykja inni í húsum spítalans; þeir mega aldrei koma í eldhús eða þvottahús spítalans og ekki upp á loftin.

6. gr.

Þeir mega ekki fara út fyrir endimörk spítalans án leyfis ráðsmannsins.

Reykjavík 10. septbr. 1898.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Erindisbrjef

83

handa lækni og yfirumsjónarmanni holdsveikraspítalans í Laugarnesi.

1. gr.

Lækninum ber sem yfirumsjónarmanni spítalans einkum og sjer í lagi:
 a, að hafa gát á því, að þrifnaður og reglusemi ríki í spítalanum í öllum greinum;
 b, að gæta þess, að fæði sjúklinganna og þjónustufólksins sje viðunandi;
 c, að ávísar öllum reikningum til útborgunar úr sjóði spítalans; og
 d, að láta í tje vottorð þau, sem nefnd eru í erindisbrjefi gjaldkera.

2. gr.

Hann skipar hinum holdsveiku niður í stofur þær, sem þeim eru ætlaðar.

3. gr.

Hann kveður á um, hverjir af hinum holdsveiku sjeu vinnufærir, og hver vinna sje þeim hentust.

4. gr.

Hann ræður sjúkrapjónustur spítalans og segir þeim upp vistinni.

5. gr.

Einusinni á hverju ári skoðar hann alla muni spítalans í viðurvist yfirstjórnarinnar. Það sem í ljós kemur, er borið saman við búshlutaskrána; þá er alt er borið saman og þeir munir skráðir, sem vanta, og einhverjir af fólkinu bera ábyrgð á, ritar hann og yfirstjórnarmennirnir undir skodunargjörðina. Yfirstjórnin kveður um leið á um slitna eða ónýta muni, hvort þeir skuli ónýttir eða teknir til annars, og gefur út vottorð um það, og skulu þau vottorð jafnan fylgja búshlutareikningunum.